

# GJALDSKRÁ

## vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1995.

### 1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1995, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. mars 1995 með eindaga 1. maí 1995, verða sem hér segir:

1. *Röntgenskoðunartæki.*
  - a) Föst tæki - myndataka kr. 12.500
  - b) Föst tæki - skygging kr. 17.500
  - c) Tölvusneiðmyndatæki kr. 25.000
  - d) Aukalampar kr. 3.500
  - e) Færanleg tæki - myndataka kr. 10.000
  - f) Færanleg tæki - skygging kr. 13.000
  - g) Tannröntgentæki kr. 7.500
  - h) Tannröntgentæki - aukatæki kr. 3.750
  - i) Iðnaðarröntgentæki kr. 11.000
  - j) Dýralækningaröntgentæki kr. 11.000
  
2. *Geislalækningatæki.* kr. 17.500
  
3. *Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar.* kr. 15.000
  
4. *Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað.* kr. 8.000
  
5. *Önnur geislataeki.*
  - a) Nifteindatæki kr. 30.000
  - b) Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:
    - 1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað kr. 8.000
    - 2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað kr. 4.000
  
6. *Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.*
  - a) Filmumælingar, fyrir hverja filmu kr. 400
  - b) TLD-mælingar, fyrir hverja flögu kr. 1.000

### 2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, *má* flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

## 3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

## 4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

## 5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins með stoð í 18. gr. laga nr. 117/1985 um geislavarnir, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1995.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1995.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslu barnabótaauka á árinu 1995.

## 1. gr.

Á árinu 1995 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1994 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

## 2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1994. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

## 3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilfesti hér á landi á tekjuárinu 1994 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.